


Í spegli fortíðarinnar:

Hugleiðingar um Lotte Lehmann



Lotte Lehmann.

Eitt af því, sem margir óperuunnendur hafa gaman af, er að líta til fortíðarinnar og bera saman það, sem er að gerast í dag, við endurminningar þeirra, sem muna aðra tíma.

Í þeim samanburði er nær undantekningarlaust hallað á nútímann, því að ekkert er auðveldara en að gylla fortíðina í huganum og ekkert

óhagstæðara en að bera saman hrifnæmi æskuáranna við köld rök lífsreynslunnar. Flest af þessu fór í gegnum huga minn, þegar ritstjóri bladsins fór fram á, að ég léti eitthvað frá mér fara um fortíðina og þá ef til vill eitthvað um muninn á fortíð og nútíð.

Þegar ég lét hugann reika, kom mér í hug, að ekki alls fyrir löngu

var ég í heimsókn í Santa Barbara í Californíu í erindum, sem koma tónlist og óperuflutningi harla lítið við. Engu að síður var gestgjafi minn, Dr. Frances Holden, nátengd tónlistarheiminum fyrir það, að hún var í nær 40 ár sambýliskona hinnar frægu þýzku söngkonu Lotte Lehmann. Og það fór ekki hjá því, að samræður beindust oft að Lotte Lehmann, sem bæði ég sjálfur og aðrir viðstaddir dáðu öðrum listamönnum fremur, fyrst á óperusviðinu en síðar sem frábæran túlkanda hins þýzka ljóðs. Og þá datt mér í hug, að Lotte Lehmann væri ágæt tenging á milli nútíðar og fortíðar.

Meira en söngkona

Það er ákaflega erfitt að hugsa um Lotte Lehmann í þáttíð, því að í lífenda lífi skipti fortíðin hana svo litlu máli, en líðandi augnablik öllu. Hið líðandi augnablik var sú eining, sem opnaði henni sýn inn í heim, þar sem tímaleysið réði ríkjum, og í rauninni náði list Lotte Lehmann út yfir takmörk tíma og rúms eins og reyndar öll list, sem máli skiptir. Í þessum skilningi var Lotte Lehmann miklu meira en söngkona. Hún var eins og ferskur andblær frá lífinu sjálfu og þeir, sem til hennar heyrðu í lífanda lífi, létu nær undantekningarlaust seiðmagnast af töfrakrafti þess ímyndunarafis og sköpunargleði, sem að baki lá, stundum jafnvel gegn betri vitund, því að Lotte Lehmann var ýmislegt betur gefið en að fordást raddleg eða músikölsk hliðarspor. En fáum hefur tekist að blása lífi í viðfangsefni sín á sama hátt og jafnvel ævagamla hljóðritanir bera þess enn að nokkru leyti vitni, enda þótt þær séu tæplega nema svipur hjá sjón.

Lífshlaup

En hver var Lotte Lehmann? Þeir sem yngri eru vita sennilega ekki einu sinni, að hún hafi verið til. Þeir, sem eldri eru þekkja vafalaust nafnið og minnast þess að rödd hennar heyrðist nokkuð reglulega í Ríkisútvarpinu svo til frá upphafi þess.

Lotte Lehmann fæddist 27. febrúar 1888 í borginni Perleberg í Norður-Pýzkalandi. Hún stundaði nám í Berlín og var ráðin að óperunni í Hamborg árið 1910. Árið 1914 lá leið hennar til Vínarborgar, þar sem hún var ráðin að keisaralegu Hirdóperunni þar í borg. Strax eftir fyrri heimstyrjöldina var hún tíður gestur í London, París, Berlín, Stokkhólmi og Dresden og víðar.

Árið 1930 var hún ráðin að óperunni í Chicago og árið 1934 að Metropolitan óperunni í New York. Hún var tíður gestur á tónlistarháttíðinni í Salzburg og söng þar í frægum uppfærslum undir stjórn Arturo Toscanini, Bruno Walter og annarra frægra hljómsveitastjóra, en árið 1938 rauf hún samning sinn við Vínaróperuna af andúð við nasismann og innlimun Austurríkis í Pýzkaland og bjó þaðan í frá í Bandaríkjunum. Hún dró sig í hlé frá óperusöng árið 1945 en hélt áfram tónleikahaldi til ársins 1951.

En þótt Lotte Lehmann hætti að syngja opinberlega, var sköpunargleðin ávallt sú sama. Hún snéri sér að myndlist og ritlist, gaf út nokkrar bækur og síðast en ekki síst reyndi hún að hvetja unga söngvara til dáða með því að kenna túlkun við „The Music Academy of the West“ í Santa Barbara í Californíu, þar sem hún bjó til dauðadags. Þessar eru staðreyndirnar, en það sem er athygli vert, er ferill Lotte Lehmann.

Erfiðleikar í upphafi

Hún fæddist inn í fjölskyldu, sem þurfti að velta hverjum eyri fyrir sér, en þó ekki beinlínis inn í örbyrgð. Fjölskyldan fluttist tiltölulega snemma til Berlínar. Það var ljóst, að Lotte Lehmann hafði fengið góða söngródd í vöggugjöf, rétt eins og móðir hennar, en vonir til söngnáms voru næsta litlar sakir fjárskorts.

Fyrir nánast tilviljun og heppni fékk Lotte Lehmann tækifæri til að syngja fyrir í þekktum tónlistarskóla í Berlín og fékk skólavist. Hún hélt, að hún gæti ef til vill orðið líðtækur söngkennari með tímanum. Lengra náði metnaðurinn ekki að sinni. En þá veiktist söngkennari hennar og það varð til þess, að Lotte Lehmann fékk annað gullið tækifæri. Hún var tekin inn í söngskóla Etelku Gerster sem styrkþegi. Etelka Gerster hafði verið ein af

frægustu söngkonum heims og var um þær mundir einn þekktasti söngkennari Pýzkalands. En ævintýrið endaði með skelfingu. Að ári liðnu var Lotte Lehmann rekin úr skólanum og tilkynnt, að hana skorti bæði rödd, hæfileika og ástundum. Hún gerði réttast í að snúa sér að einhverju öðru, því söngkona gæti hún aldrei orðið.

Nú voru góð ráð dýr. Fjölskyld-



Lotte Lehmann sem Die Marschallin í *Der Rosenkavalier*.

unni þótti sem allir hefðu gert sér óraunhæfar vonir og fadírinn var innst inni ásáttur við að koma dótturinni í verslunarskóla og útvega henni atvinnu í banka, þar sem hún fengi fast kaup og eftirlaun, þegar þar að kæmi. Honum var framtíðaröryggi hennar fyrir öllu. En nú var metnaður Lotte Lehmann vaknaður og hún þverneitaði að láta bugast. Henni tókst að sannfæra föður sinn um að hún ætti skilið eitt tækifæri enn. Og svo fór, að föðurastin varð skynseminni yfirsteikari, og Lotte Lehmann leitaði á náðir Matthilde Mallinger, sem var skæðasti keppinatur Etelku Gerster sem söngkennari í Berlín á þeim tíma. Og undir hennar handleiðslu blómstraði Lotte Lehmann.

Túlkun og tjáning

Skýringarinnar er sennilega að leita í því, að Matthilde Mallinger var fulltrúi hins nýja tíma, sem lagði aðaláherslu á túlkun og tjáningu í söng, meðan Etelka Gester og hennar lið voru fulltrúar hins gamla, hefðbundna og þrælagada skóla belcanto-tækninnar, sem lagði aðaláherslu á ögun og tæknilegan

glæsisöng, en lét sig túlkun og tjáningu minna máli skipta.

Það má segja, að þá þegar hafi Lotte Lehmann verið í uppreisn gegn því hefðbundna og viðurkennda, ekki vitandi vits eða viljandi, heldur samkvæmt innsta edli sínu, sem varð að brjóta sér sinn eigin farveg, hvað sem það kostaði hana persónulega og hverjar sem afleiðingarnar yrðu. Að þessu leyti virðist Lotte Lehmann aldrei hafa átt neitt val og því fór víðs fjarri, að afleiðingarnar væru henni alltaf í hag.

Fyrsti sigurinn

Frægd og frami létu þó lengi á sér standa. Í Hamborg fékk Lotte Lehmann fá tækifæri til að spreyta sig fyrst í stað og var að eigin sögn fram úr hófi þunglamaleg og klaufaleg í öllum leiksviðsbrögðum. En eitt sinn vildi svo til, að það forfallaðist söngkona, sem syngja átti hlutverk Elsu í Lohengrin eftir Wagner. Otto Klemperer, sem þá var kornungur hljómsveitarstjóri, fór með hálfum hug þess á leit við Lotte Lehmann, að hún tæki hlutverkið að sér, enda ekki völ á annari. Og þá gerðist undrið. Lotte Lehmann, sem kunni að vísu hlutverkið en hafði í hæsta máta óljósar hugmyndir um venjur og hefðir í sambandi við túlkun þess, gleymdi bæði stað og stund – og þar með talið sjálfri sér – og varð í einni andrá að Elsu von Brabant. Gagnrýnendur urðu furðu lostnir og áheyrindaskarinn ætlaði af göflum að ganga. Þar með var ferillinn í Hamborg tryggður.

Í Vínarborg

Í Vínarborg átti Lotte Lehmann í fyrstu nokkuð erfitt uppdráttar. Hún var frá náttúrunnar hendi örlynd og fljótfær og vön því að segja hug sinn umbúdalaust, ef svo skipti. Ævagamlir þunglamalegir hirsíðir og kurteisreglur, sem ríktu innan veggja hinnar keisaralegu óperu í Vínarborg, áttu engan veginn við hana og henni þótti sem andrúmsloftið við Vínaróperuna væri lævi blandið, enda þótt hún ætti eftir að aðlaga sig Vínarháttum svo vel síðar, að flestir gleymdu því að hún var fæddur Þjóðverji.

Hún söng strax við góðar undirtektir í Vínarborg, en fyrir Vínarbúa var það engan veginn nóg, því að aðrir gerðu jafn vel og sumir betur.